

Söfnunarstefna Sjóminjasafns Austurlands

1. Kynning.

Saga Sjóminjasafns Austurlands.

Fyrstu áform um sjóminjasafn á Eskifirði komu fram í tillögum nefndar á vegum Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi árið 1971, í tengslum við það að Safnastofnun Austurlands var sett á laggirnar og safnamál skipulögð á fjórðungsvísu. Árið 1970 var hafin endurbygging verslunarhússins Gömlu-Búðar á Eskifirði á vegum Byggðasögunefndar Eskifjarðarbæjar. Húsið var ætlað til safnanota, og var safnað til þess sjóminjum víða af Austurlandi. Samtímis var safnað minjum um atvinnulíf á Eskifirði. Frá upphafi var stefnt að því að koma upp krambúð í húsinu, enda er saga þess mjög svo nátengd verslunarsögu Austurlands.

Sjóminjasafn Austurlands var stofnað þann 7. desember 1978. Árið 1981 var safninu afhent Gamla-Búð sem þá var fullbúin, og fylgdu húsinu minjar þær sem þá höfðu safnast. Næstu árin var sjóminjum safnað af krafti, og sýningar undirbúnar. Sjóminjasafnið var opnað á sjómanna daginn árið 1983.

Stofnskrá fyrir Sjóminjasafn Austurlands er dagsett 31. janúar 1979. Endurskoðun á stofnskrá er gerð á fjögurra ára fresti.

Stofnskráin var endurskoðun og samþykkt 01. 02. 2017. Næsta endurskoðun stofnskrár er 2021.

Eignarhald og húsnæði.

Sjóminjasafn Austurlands er sjálfeignarstofnun sem ber kennitölu 630781 0519. Eignaraðilar eru: Fjarðabyggð með tvo stjórnarmenn, Útvegsmannafélag Austfjarða með einn stjórnarmann og Eskja hf með einn stjórnarmann. Eigendur tilnefna fulltrúa í stjórn safnsins hver um sig og jafn marga til vara.

Eignaraðild að safninu hefur tekið nokkrum breytingum frá stofnun þess.

Aðalaðsetur Sjóminjasafns Austurlands er í Gömlu-Búð, Strandgötu 39b. Auk þess á safnið geymsluhúsnæði að Strandgötu 48, safnahúsnæði að Strandgötu 86a, 86b ásamt Randulffssjóhúsi, Strandgötu 96 og tilheyrir því bryggja með löndunarbúnaði, og stór eignarlóð. Möguleikar á stækkun safnsins eru helst fölgirnir í Randulffssjóhúsi og nágrenni þess.

2. Sjóminjasafn Austurlands

Markmið.

Safnið starfar samkvæmt safnalögum og fer að siðareglum ICOM. Tilgangur Sjóminjasafns Austurlands er að safna og varðveita þjóðleg verðmæti er snerta sögu sjávarútvegs, siglinga og eldri verslunarháttá. Safnið stuðlar að varðveislu sjóminja þótt staðsettar séu utan Eskifjarðar. Í öðru lagi skal safnið vera kennslu- og fræðslustofnun fyrir almenning. Safnið skal ekki rekið í hagnaðarskyni.

Starfssvæði Sjóminjasafns Austurlands.

Hvað varðar minjar um sjósókn og aflavinnslu nær starfssvæði Sjóminjasafns Austurlands frá Langanesi í norðri að Stokksnesi í suðri. Varðandi verslunar- og iðnaðarminjar er starfssvæði Sjóminjasafnsins bundið við Eskifjörð.

Söfnunarsvið og sýningar.

Sýning safnsins hefur frá upphafi verið sú sama, aðeins breytt lítillega frá ári til árs. Í Gömlu-Búð eru sýndir munir sem flokka má gróflega á eftirfarandi hátt: krambúðarinnrétting með verslunarvarningi, minjar um síldveiðar og vinnslu, tunnusmíð, minjar um veiðar á þorski og fleiri fiskitegundum, saltfiskverkunaráhöld, siglingatæki og stjórnatæki úr skipum og bátum, minjar um hákarlaveiðar og hvalveiðar, upplýsingar um skip og báta sem og skipstjórnarmenn, sem átt hafa heima á Eskifirði.

Á efri hæð eru eftirtaldar deildir: brjóstsykursgerðartæki, skósmíðaáhöld, járnsmíðaáhöld, búnaður til framleiðslu á steinsteypurörum og steinum til húsbýgginga, trésmíðaáhöld, lækningatæki, tannlækningatæki, ljósmyndunaráhöld, tóvinnutæki og heimilisáhöld.

Í Sjóminjasafninu eru mörg líkön, bátalíkön, veiðarfæralíkön, líkan af sjóhúsi með bryggju, líkan af hvalveiðistöð, og líkan af Eskifjarðarbæ eins og hann var árið 1923. Allir munir á sýningu eru í eigu Sjóminjasafnsins sjálfs.

Skráðir munir Sjóminjasafns Austurlands eru nú um 5000, þar af er um helmingur skráður í spjaldskrá og helmingur einungis í aðfangabók verið er að vinna við að koma skráningu á tölvutækt form.

3. Söfnunarstefna.

Í Sjóminjasafni Austurlands er lögð áhersla á söfnun minja úr eftirtöldum efnisflokkum. Tekið skal fram að undir safnið geta heyrt munir og mannvirki sem varðveitt er annarsstaðar en innan veggja þess.

Atvinnulíf.

Sjósókn og aflavinnsla.

Árabátar og vélbátar úr eigu íslenskra fyrirtækja eða einstaklinga á Austurlandi, eftir því sem við verður komið. Minjar um síld- og þorskveiðar, hval- og hákarlaveiðar, veiði á sjófuglum. Minjar um öflun og meðferð beitu.

Gamall og nýrri sjófatnaður, búnaður sem notaður var í bátum svo sem siglingatæki, ljós, fjarskiptabúnaður, fánar, nafnskilti af bátum og skipum, björgunartæki, sjókort, bækur um strandsiglingar, sjómannaalmanök, en af þeim á safnið þegar flest almanök frá upphafi 1914.

Veiðarfæri.

Tæki og áhöld tilheyrandi verkun afla og vinnslu/fullvinnslu í landi, umbúðir af söluvöru.

Minjar um vinnslu á lýsi og lýsisafurðum, önnur vinnsla á aukaafurðum úr fiski eða öðru sjófangi.

Minjar um nafnkunnustu sjósóknara í sveitarfélaginu og umsvif þeirra.

Á vegum Sjóminjasafnsins er leitast við að halda til haga heimildum um eftirtalin mannvirki og atriði sem tengjast sjósókn:

Verbúðir, bryggjur, naust, vita, siglingamerki.

Gömul frosthús. Sjósókn útlendinga frá Austfjörðum.

Sjóminjasafn Austurlands takmarkar söfnun sína fremur við umfang gripa en ákveðin tímamörk.

Iðnaður.

Safnið á góð sýnishorn af smáiðnaði sem stundaður var á Eskifirði. Er það eina safn sinnar tegundar á Austfjörðum. Í safn elstu minja vantar muni frá blaðaútgáfu sem stunduð var í bænum upp úr 1870. Haldið verður áfram að safna iðnaðarminjum í smáum stíl.

Verslun, þjónusta, önnur atvinnustarfsemi.

Í eigu Sjóminjasafns Austurlands eru verslunarminjar, sem fæstar eru þó ættaðar úr Gömlu-Búð. Safna skal verslunarminjum sem átt hafa heima í Útkaupstað ef þær finnast.

Sjóminjasafn Austurlands varðveitir ljósmyndavélar og annan búnað sem var í eigu starfandi ljósmyndara á Eskifirði. Ljósmyndun er gamalgróin þjónustugrein í bænum. Því er áhugi fyrir að safna áfram munum henni tengdum.

Í Sjóminjasafninu eru handlækningatæki úr eigu Einars Ástráðssonar héraðslæknis. Á Eskifirði var aðsetur fyrsta fjórðungslæknis á Austurlandi. Minjar um upphaf lækniþjónustu á Austurlandi yrðu ekki afþakkaðar ef byðust. Safnið varðveitir tæki tannlæknis sem hóf að starfa í seinni heimsstyrjöldinni.

Ekki er fyrirhugað að bæta við lækninga- eða tannlækningatækjum.

Heimilishald.

Í Sjóminjasafni Austurlands eru varðveittar tvær spunavélar, gamall vefstóll, þrjónavélar, rokkar, þrjónastokkar og annað tilheyrandi tóvinnu.

Safnið varðveitir einnig gamla eldhúsinnréttingu með vaski, kolaeldavél og eldhúsmuni eldri og yngri. Ekki er áformað að fjölga gripum tengdum heimilishaldi nema þeir varpi ljósi á lifnaðarhætti tengda sjósókn, eða snerti menningu á Eskifirði sérstaklega, t.d. ef þeir koma frá heimilum ákveðinna sjósóknara sem ástæða þykir til að minnast sérstaklega sbr. grein 3.1.

Bækur, skjöl og myndir.

Sjóminjasafn Austurlands á nokkurn bókakost sem varðar sjávarhætti.

Kappkosta á að eignast bækur sem fjalla umsjósókn svo sem uppsláttarrit, byggðasögurit og félagssögurit, ævisögur eða tímaritsgreinar sem varða útgerð á Austurlandi sérstaklega.

Safnið á nokkuð af skjölum, þá helst skírteini varðandi sjómannastörf. Slíkum skjölum verður safnað áfram.

Safnið á allmikið af ljósmyndum, teikningum og málverkum af skipum og mun verða haldið áfram að taka við þeim. Til greina kemur að fela ljósmyndasafni varðveislumynda í eigu safnsins þegar fram líða stundir.

Minjaflokkar sem falla utan við söfnunarstefnu Sjóminjasafns Austurlands.

Minjum af eftirtöldum flokkum eru ekki varðveittar í Sjóminjasafni Austurlands nema mjög sérstakar ástæður séu til, og þá án skilyrða af hálfu gefanda.

Um minjar sem falla utan söfnunarstefnu á Sjóminjasafnið samstarf við Mynda- og skjalasafn Neskaupstaðar, Minjasafn Austurlands, Tækniminjasafn Austurlands eða önnur söfn eftir því sem við á.

Félagssaga.

Safnið varðveitir ekki muni af þessum toga nema þeir tengist sögu útgerðarfélaga.

Samgöngur.

Safnið varðveitir ekki tæki til samganga á landi né aðrar samgönguminjar nema í þeim tilvikum að samgöngutæki snerti sérstaklega meginhlutverk þess (bátar).

Fjölskylduhættir.

Safnið varðveitir ekki muni sem snerta fjölskylduhætti nema þeir snerti sérstaklega lifnaðarhætti sem tengjast sjósókn, eða eru að einhverju leyti sérstakir fyrir Eskifjörð og íbúa þar.

Verkhættir til sveita.

Safnið varðveitir ekki minjar gamla bændasamfélagsins, hvorki þá sem tengjast úti-
eða inniveru. Undantekningar eru minjar um bændaútgerð þar sem útgerð hefur stutt
landbúskap að meira eða minna leyti.

Stjórnsýsla.

Safnið varðveitir ekki muni af þessum toga. Ekki er áformað að breyta því.

Listmunir.

Safnið varðveitir nokkur málverk af skipum og bátum. Áfram verður tekið við
slíkum listaverkum meðan fært er. Aðra listmuni varðveitir safnið ekki og eru ekki
áform um að safna þeim.

Stríðsminjar.

Sjóminjasafn Austurlands safnar ekki minjum um hersetu eða hernaðartækjum en
vísar þeim til Íslenska Stríðsárasafnsins á Reyðarfirði.

Fornleifar.

Safnið á ekki forna gripi og eru ekki áform um að breyta því.

Náttúrugripir.

Sjóminjasafn Austurlands safnar ekki náttúrugripum en á um það samstarf við
Náttúrugripasafnið í Neskaupstað.

Aðferðir til söfnunar

Sjóminjasafn Austurlands tekur á móti gripum sem því eða leitar sérstaklega eftir
þeim. Einnig getur safnið falast eftir gripum til láns frá öðrum söfnum, og á sama
hátt á sama hátt látið gripi af hendi við önnur söfn. Safnið kaupir gripi ef stjórn þess
samþykkir, en aðeins í undantekningartilvikum.

Afhending gripa til annarra safna.

Sjóminjasafn Austurlands tekur ekki við gripum sem falla utan söfnunarstefnu þess
nema óyggjandi sé að það hafi fullan rétt á að ráðstaf þeim til annarra safna.
Ákvarðanir um afhendingu gripa til annarra safna skal tilkynna stjórn safnsins.
Um förgun safngripa skal ávallt leita ráða áður hjá Þjóðminjasafni Íslands eða öðrum
söfnum eftir eðli málsins.

3.7 Móttaka gripa.

Við móttöku skal fylla út þar til gert eyðublað og fær sá sem afhendir eintak af því. Gripir skulu hreinsaðir, skráðir og búið um þá til sýningar eða geymslu. Safninu ber ekki skylda til að taka við gripum sem ekki er hægt að varðveita svo tryggt sé. Í einstökum tilvikum leitar safnið samstarfs við aðra aðila um geymslu á safngripum.

Endurskoðuð og samþykkt 01.02.2017



Pétur Sörensson



F.h. stjórnar

Gunnar Jónsson